

1959 nr. 41 23. maí**Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands**

Tóku gildi 31. júlí 1959. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé

sjóðsins er það fé, sem Alþingi hefur lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara.

■ 2. gr.

Þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefst, skal sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

[Ráðuneytið]¹⁾ birtir árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði endurskoðaðan ársreikning sjóðsins.

¹⁾ L. 126/2011, 30. gr.